(²) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofu Bandalagsins: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 887/2011**

2012/EES/32/11

frá 5. september 2011

um leyfi fyrir blöndu með *Enterococcus faecium* CECT 4515 sem fôðuraukefni fyrir eldiskjúklinga (leyfishafi er Norel SA) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fôðri ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fôður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með *Enterococcus faecium* CECT 4515. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndunni sem tilgreind er í viðaukanum, í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, sem fôðuraukefni fyrir eldiskjúklinga.
- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 16. mars 2011 ⁽²⁾ að við tillögð notkunarskilyrði hafi *Enterococcus faecium* CECT 4515

ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða neytenda eða á umhverfið og að aukefnið geti mögulega bætt þyngdaraukningu og hlutfallið milli þyngdaraukningar og fôðurmagns hjá eldiskjúklingum. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértekum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina aukefnið í fôðri sem tilvísunarrannsóknarstofa Bandalagsins, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

- 5) Mat á blöndu með *Enterococcus faecium* CECT 4515 sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „þarmaflórustöðgarar“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem fôðuraukefni með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. september 2011.

Fyrir hönd ráðsins,

José Manuel BARROSO

forseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 229, 6.9.2011, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á 1. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, (biður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

(2) Tiðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2011 9(3), 2118.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrgingafjöldi (CFU)/kg heilföðurs með 12% rakainnihaldi			

Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: þarmaflórustöðugarar

4b1713	Norel SA	<i>Enterococcus faecium</i> CECT 4515	<p><i>Samsetning aukefnis:</i></p> <p>Blanda með <i>Enterococcus faecium</i> CECT 4515 sem inniheldur að lágmarki 1×10^9 CFU/g aukefnis</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins:</i></p> <p><i>Enterococcus faecium</i> CECT 4515</p> <p><i>Greiningaraðferð⁽¹⁾:</i></p> <p>Ákvörðun á heildarfjölda örvera með yfirborðsræktun á agar með galleskúlínasiði (EN 15788).</p> <p>Sanngreining: með rafdrætti á geli í púlssviði (PFGE)</p>	Eldis- kjúklingar	—	1×10^9	—	<ol style="list-style-type: none"> Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og kögglafestu. Má nota í fôður sem inniheldur eitt af eftirfarandi leyfðum hnisalyfjum: mónensinnatrium, diklasúríl, níkarbasín, dekókínat, róbenidínhydróklóríð, semdúramýsinnatrium, narasín, salínómísinnatrium, lasalósíðnatrium, narasín/níkarbasín eða madúramýsínammóníum. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn. 	26. september 2021
--------	----------	---------------------------------------	---	----------------------	---	-----------------	---	--	--------------------

⁽¹⁾ Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofu Bandalagsins: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 888/2011**

2012/EES/32/12

frá 5. september 2011

um leyfi fyrir díklasúrili sem fòðuraukefni fyrir eldiskalkúna (leyfishafi er Janssen Pharmaceutica N.V.) og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2430/1999 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fòðri ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fòður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE⁽²⁾.
- 2) Díklasúrill, CAS nr. 101831-37-2, var leyft til 10 ára, í samræmi við tilskipun 70/524/EBE, sem fòðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga að 16 vikna aldri, sem eru aldri til að verða varphænur, og fyrir kalkúna að 12 vikna aldri með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2430/1999 ⁽³⁾. Aukefnið var síðan fært inn í skrá Bandalagsins yfir fòðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Notkun þess var enn fremur leyfð til 10 ára fyrir eldiskjúklinga með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1118/2010 ⁽⁴⁾, fyrir perluhænsu með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 169/2011 ⁽⁵⁾ og fyrir kanínur með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 971/2008 ⁽⁶⁾.
- 3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar,

var lögð fram umsókn um endurmat á díklasúrili sem fòðuraukefni fyrir eldiskalkúna og óskað eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „hníslalyf og vefsvipungalyf“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu frá 16. mars 2011 ⁽⁷⁾ að við tillögð notkunarskilyrði hafi díklasúrill ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða neytenda eða á umhverfið og að aukefnið sé áhrifaríkt til að verjast hníslasótt í eldiskalkúnum. Niðurstaðan var að enginn öryggisvandi myndi skapast fyrir notendur að því tilskildu að víðeigandi verndarráðstöfunum væri beitt. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina aukefnið í fòðri sem tilvísunarrannsóknarstofa Bandalagsins, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.
- 5) Mat á díklasúrili sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 6) Af veitingu nýs leyfis samkvæmt þessari reglugerð leiðir að fella skal færsluna um díklasúrill brott úr reglugerð (EB) nr. 2430/1999.
- 7) Þar eð breytingarnar á skilyrðunum fyrir leyfinu tengjast ekki öryggisástæðum er víðeigandi að heimila umbreytingartímabil til að ráðstafa fyrirliggjandi birgðum af forblöndum og fòðurböndum sem innihalda þessa blöndu, eins og leyft er með reglugerð (EB) nr. 2430/1999 til notkunar fyrir kalkúna að 12 vikna aldri.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra,

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 229, 6.9.2011, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 296, 17.11.1999, bls. 3.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 317, 3.12.2010, bls. 5.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 49, 24.2.2011, bls. 6.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 265, 4.10.2008, bls. 3.

⁽⁷⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(4), 2115.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „hníslalyf og vefsvipungalyf“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fœðri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2430/1999 fellur færslan við skráningarnúmerið 27, sem varðar dýklasúríl fyrir kalkúna, brott.

3. gr.

Forblöndur og fœðurlöndu, sem eru merktar í samræmi við tilskipun 70/524/EBE og innihalda dýklasúríl, eins og leyft var með reglugerð (EB) nr. 2430/1999 til notkunar fyrir kalkúna að 12 vikna aldri, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppnar.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. september 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Kenni- númer auk- efnisins	Nafni leyfishafa	Aukefni (Viðskiptaheiti)	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út	Hámarks- gildi leifa í viðkomandi matvælu úr dýraríkinu
5 1 771	Janssen Pharma- ceutica N.V.	Diklasúríl 0,5 g/100 g (Clinacox 0,5%)	<p><i>Samsetning aukefnis:</i> Diklasúríl: 0,50 g/100 g. Sojabauarnmjóli með lágu prótínnihaldi: 99,25 g/100 g Fjölviðón K 30: 0,20 g/100 g Natriumhýdroxíð: 0,05 g/100 g <i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins:</i> Diklasúríl, C₁₇H₁₅Cl₃N₄O₂, (±)-4-klórfeñyl[2,6-díklór-4-(2,3,4,5-tetrahýdró- 3,5-díoxó-1,2,4-tríasín-2-ýl)feñyl]asetónítríl, CAS-númer: 101831-37-2 Skyld óhreinindi: Niðurbrotsefnasamband (R064318): ≤ 0,1% Önnur skyld óhreinindi (T001434, R066891, R068610, R070156, R070016): ≤ 0,5% hvert um sig Óhreinindi samtals: ≤ 1,5 % Greiningaraðferð (1): Ákvörðun á diklasúríli í föðri: Háþrýstivöskviljun með óskautuðum stöðufasa (HPLC) og ljóslegþingreining á útfjöbláðu sviði við 280nm (reglugerð (EB) nr. 152/2009) Ákvörðun á diklasúríli í vef alifugla: Háþrýstivöskviljun í tengslum við þrefaldan fjórskauta massagreini þar sem notuð er ein móðurrjón og tvær dótturrjónir.</p>	Eldis- kalkúnar	—	1	1	1. Aukefnið skal notað í föðurböndur í formi forblöndu. 2. Ekki má blanda diklasúríli við önnur hníslalyf. 3. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn, gleraugu og hlífðarhanska. 4. Leyfishafinn skal skipuleggja og framkvæma vöktunaráætlun varðandi þol gegn bakteríum og <i>Eimeria</i> spp. að lokinni setningu á markað.	26. september 2021	1 500 µg diklasúrils/ kg af ferskri lifur 1 000 µg diklasúrils/ kg af ferskum nýrum 500 µg diklasúrils/ kg af ferskum vöðvum 500 µg diklasúrils/ kg af ferskri húð/fitu

Hníslalyf og vefsvipungalyf

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðir eru fáanlegar á eftirfarandi síðu tilvissunnarrámsoknarstofu Bandalagsins: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2012/EES/32/13
nr. 1111/2011**

frá 3. nóvember 2011

**um leyfi fyrir *Lactobacillus plantarum* (NCIMB 30236) sem fóðuraukefni fyrir
allar dýrategundir (*)**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusam-
bandsins,með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB)
nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ⁽¹⁾,
einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir *Lactobacillus plantarum* (NCIMB 30236). Umsókninni fylgdu þær upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Umsóknin varðar leyfi fyrir *Lactobacillus plantarum* (NCIMB 30236), í aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir.
- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 14. júní 2011 ⁽²⁾ að við tillögð notkunar-

skilyrði hafi *Lactobacillus plantarum* (NCIMB 30236) ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og blandan geti mögulega bætt framleiðslu á vottfóðri úr öllum fóðurjurtum með því að lækka sýrustig og auka geymsluþol þurrefna og prótína. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina aukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

- 5) Mat á *Lactobacillus plantarum* (NCIMB 30236) sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „íblöndunarefni til vottfóðursverkunar“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóðri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. nóvember 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 287, 4.11.2011, bls. 30. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, (bíður birtingar).

(¹) Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

(²) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2011 9(6), 2275.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingafjöldi (CFU)/kg fersks efnis			
Flokkur tæknilegra aukefna. Virkur hópur: íblöndunarefni til votfóðursverkunar.									
1k2073	—	<i>Lactobacillus plantarum</i> (NCIMB 30236)	<p><i>Samsetning aukefnis</i></p> <p>Blanda með <i>Lactobacillus plantarum</i> (NCIMB 30236) sem inniheldur að lágmarki $1,2 \times 10^{11}$ CFU/g aukefnis.</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i></p> <p><i>Lactobacillus plantarum</i> (NCIMB 30236).</p> <p><i>Greiningaraðferð</i> ⁽¹⁾</p> <p>Ákvörðun á heildarfjölda í fôðuraukefninu: yfirborðsræktun: EN 15787. Samgreining: með rafdrætti á geli í púlssviði (PFGE)</p>	Allar dýrategundir	—	—	—	<ol style="list-style-type: none"> Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita og geymsluþol. Lágmarksskammtur aukefnis ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum til votheysverkunar: $2,4 \times 10^8$ CFU/kg fersks efnis. Varðandi öryggi: Mælt er með að nota öndunarvörn og hlífðarhanska við meðhöndlun. 	24.11.2021
⁽¹⁾ Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunar: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx									

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 171/2011

2012/EES/32/17

frá 23. febrúar 2011

um leyfi fyrir 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* DSM 14223, sem fôðuraukefni fyrir alifugla og fyrir svin og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 255/2005 (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi er DSM Nutritional products Sp. z o.o) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fôðri ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fôður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE⁽²⁾.
- 2) Notkun 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* DSM 14223, var leyfð án tímamarka í samræmi við tilskipun 70/524/EBE sem fôðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, varphænur, eldiskalkúna, smágrísi, eldisssvín og gyltur með reglugerð (EB) nr. 255/2005 ⁽³⁾. Aukefnið var síðan fært inn í skrá Bandalagsins yfir fôðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við b-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Þetta fôðuraukefni var einnig leyft, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1831/2003, til 10 ára fyrir endur með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1500/2007 frá 18. desember 2007 um leyfi fyrir nýrri notkun á 6-fýtasa EC 3.1.3.26 (Ronozyme) sem aukefni í fôðri ⁽⁴⁾.
- 4) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* DSM 14223, sem fôðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, varphænur, eldiskalkúna, smágrísi, eldisssvín og gyltur

og, í samræmi við 7. gr. þeirrar reglugerðar, um nýja notkun fyrir önnur alifugla- og svínakyn, sem ekki hefur verið fjallað um áður, og óskað eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „dýræktaraukefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

- 5) Ný gögn voru lögð fram til stuðnings umsókninni. Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu frá 6. október 2010 ⁽⁵⁾ að 6-fýtasi (EC 3.1.3.26), sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* DSM 14223, hafi, við tillögð notkunarskilyrði, ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og að notkun hans geti bætt meltanleika fosförs. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina aukefnið í fôðri sem tilvísunarrannsóknarstofa Bandalagsins, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.
- 6) Mat á 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* DSM 14223, sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 7) Af veitingu nýs leyfis samkvæmt þessari reglugerð leiðir að fella skal færsluna um 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* DSM 14223, brott úr reglugerð (EB) nr. 255/2005.
- 8) Til glöggvunar skal fella reglugerð (EB) nr. 1500/2007 úr gildi.
- 9) Þar eð breytingarnar á skilyrðunum fyrir leyfinu tengjast ekki öryggisástæðum er viðeigandi að heimila umbreytingartímabil til að ráðstafa fyrirliggjandi birgðum af forblöndum og fôðurböndum.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 49, 24.2.2011, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, (biður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 45, 16.2.2005, bls. 3.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 333, 19.12.2007, bls. 54.

⁽⁵⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2010 8(10), 1862.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr:

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnun „meltingarbætandi efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem fóduraukefni með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr:

Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 255/2005 fellur færslan EB nr: 1614(i), aukefni: 6-fýtasi EC 3.1.3.26, brott.

3. gr:

Reglugerð (EB) nr. 1500/2007 er felld úr gildi.

4. gr:

Forblöndur og fódurblöndur sem innihalda 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* DSM 14223, sem eru merktar í samræmi við tilskipun 70/524/EBE og reglugerð (EB) nr. 255/2005 má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppnar.

Forblöndur og fódurblöndur sem innihalda 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* DSM 14223, sem eru merktar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1831/2003 og reglugerð (EB) nr. 1500/2007 má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppnar.

5. gr:

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. febrúar 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

forseti.

José Manuel BARROSO

VÍDAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efniformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Ónnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihaldi	Hámarksinnihald		
Flokkur dýræktaraukefna. Virkur hópur: meltingar-bætandi efni									
4a1641(i)	DSM Nutritional Products Ltd., fulltrúi er DSM Nutritional Products Sp. Z o.o	6-fýtasi EC 3.1.3.26	<i>Samsætning aukefnis</i> Blanda 6-fýtasa, sem er framleiddur með <i>Aspergillus oryzae</i> DSM 14223, með virkni að lágmarki: Fast form: 5 000 FYT/g (¹) Vökvaform: 20 000 FYT/g <i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i> 6-fýtasi, sem er framleiddur með <i>Aspergillus oryzae</i> DSM 14223 <i>Greiningaraðferð</i> (²) Litmæling sem byggist á efnahvarfi vanadómlybdats við ólífrænt fosfat sem fæst með verkun 6-fýtasa á hvarfefni sem í er fýrat (natríumfýrat) við pH-gildið 5,5 og 37 °C, mælgreint út frá staðalferli fyrir ólífrænt fosfat.	Alifuglar til undaneldis og sem eru aldir til að verpa Aðrir alifuglar Svin til undaneldis og aukategundir svína til undaneldis Önnur svin og aukategundir svína	—	300 FYT 250 FYT 750 FYT 500 FYT	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og kögglafestu. 2. Til nota í fóður sem inniheldur yfir 0,23% fýtnbundinn fosfór. 3. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn, gleraugu og hlífðarhanska.	16. mars 2021

(¹) 1 FYT er það magn ensims sem leysir 1 mikrómol ólífræns fosfats á mínútu úr natríumfýrati við pH-gildið 5,5 og hitastigið 37°C.

(²) Upplýsingar um greiningaraðferðir eru fáanlegar á eftirfarandi síðu tilvísunarrannsóknarstofu Bandalagsins: www.imm.jrc.be/crl-feed-additives.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 184/2011

2012/EES/32/18

frá 25. febrúar 2011

um leyfi fyrir *Bacillus subtilis* C-3102 (DSM 15544) sem fôðuraukefni fyrir kjúklinga, sem eru aldir til að verða varphænur, kalkúna, aukafuglategundir og aðra skraut- og veiðifugla (leyfishafi er Calpis Co. Ltd Japan, fulltrúi er Calpis Co. Ltd Europe Representative Office) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fôðri ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fôður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndunni sem tilgreind er í viðaukanum við þessa reglugerð. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Umsóknin varðar leyfi fyrir nýrri notkun *Bacillus subtilis* C-3102 (DSM 15544), í aukefnaflokknum dýraræktaraukefni, sem fôðuraukefnis fyrir kjúklinga, sem eru aldir til að verða varphænur, kalkúna og aukafuglategundir.
- 4) Notkun á *Bacillus subtilis* C-3102 (DSM 15544) var leyfð til 10 ára fyrir eldiskjúklinga með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1444/2006 ⁽²⁾ og fyrir fráfærugrísni með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 333/2010 ⁽³⁾.
- 5) Lögð voru fram ný gögn til stuðnings umsókn um leyfi fyrir blöndunni fyrir kjúklinga, sem eru aldir til

að verða varphænur, kalkúna og aukafuglategundir. Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu frá 5. október 2010 ⁽⁴⁾ að *Bacillus subtilis* C-3102 (DSM 15544) hafi, við tillögð notkunarskilyrði, ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og að notkun blöndunnar geti bætt þyngdaraukningu marktegundanna. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina aukefnið í fôðri sem tilvísunarrannsóknarstofa Bandalagsins, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

- 6) Mat á *Bacillus subtilis* C-3102 (DSM 15544) sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMBÝKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „þarmaflórustöðgarar“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem fôðuraukefni með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 53, 26.2.2011, bls. 33. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, (bíður birtingar)

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 271, 30.9.2006, bls. 19.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 102, 23.4.2010, bls. 19.

⁽⁴⁾ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2010 8(10), 1867.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel, 25. febrúar 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

forseti.

José Manuel BARROSO

VIBAUKI

Kenninúmer aukgefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efniformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						þyrpingafjöldi (CFU)/ kg heilföðurs með 12% rakammihaldi			
Flokkur dýræktaraukefna. Virkur hópur: þarmaflórastöðgarar.									
4b1820	Calpis Co. Ltd Japan, fulltrúi er Calpis Co. Ltd Europe Representative Office, Frakklandi	<i>Bacillus subtilis</i> C-3102 (DSM 15544)	<i>Samsetning aukefnis</i> Blanda <i>Bacillus subtilis</i> C-3102 DSM 15544 sem inniheldur að lágmarki 1×10^{10} CFU/g aukefnis <i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i> Lífvænleg gró <i>Bacillus subtilis</i> C-3102 (DSM 15544) <i>Greiningaraðferðir</i> (1) Ákvörðun á heildarfjölda örvera: með yfirborðsræktun á agar með tryptónsoja og fořhituðum föðursýnum Samgreining: með rafdrætti á geli í púlssviði (PFGE)	Kjúklingar sem eru aldir til að verða varphaenur Kalkúnar, aukafuglategundir og aðrir skraut- og veiðifuglar	—	5×10^8	—	1. Í notkunarléðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og kögglafestu. 2. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn, gleraugu og hlífðarhanska. 3. Má nota í föður sem inniheldur eftirtalin, leyfð hnislalyf: dekokínat, mónensinnatrium, róbenidínhydróklóríð, diklasúrín, lasalósínnatrium, halófüginón, narsín, salínómýsinnatrium, madúramýsínammóníum, narsín-níkarbasín, semðúramýsinnatrium eða níkarbasín.	18. mars 2021

(1) Upplýsingar um greiningaraðferðir eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofu Bandalagsins: www.irmm.jrc.be/ertl-feed-additives

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 212/2011

2012/EES/32/19

frá 3. mars 2011

um leyfi fyrir *Pediococcus acidilactici* CNCM MA 18/5M sem fóðurukefni fyrir varphænur (leyfishafi er Lallemand SAS) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 911/2009 ⁽⁴⁾ og fyrir
fráfærugrasi með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar
(ESB) nr. 1120/2010 ⁽⁵⁾.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusam-
bandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB)
nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ⁽¹⁾,
einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir *Pediococcus acidilactici* CNCM MA 18/5M. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Umsóknin varðar leyfi fyrir nýrri notkun á *Pediococcus acidilactici* CNCM MA 18/5M, í aukefnaflokknum dýraræktaraukefni, sem fóðurukefni fyrir varphænur.
- 4) Notkun á *Pediococcus acidilactici* CNCM MA 18/5M var leyfð án tímamarka fyrir eldiskjúklinga með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1200/2005 ⁽²⁾, án tímamarka fyrir eldisvín með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2036/2005 ⁽³⁾ og til 10 ára fyrir laxfiska og rækjur með reglugerð

- 5) Lögð voru fram ný gögn til stuðnings umsókn um leyfi fyrir *Pediococcus acidilactici* CNCM MA 18/5M fyrir varphænur. Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 5. október 2010 ⁽⁶⁾ að *Pediococcus acidilactici* CNCM MA 18/5M hafi, við tillögð notkunarskilyrði, ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og að notkun þess auki varp hjá marktegundinni verulega. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina aukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofa Bandalagsins, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.
- 6) Mat á *Pediococcus acidilactici* CNCM MA 18/5M sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnun „þarmaflórustöðgarar“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem fóðurukefni með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 59, 4.3.2011, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 195, 27.7.2005, bls. 6.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 328, 15.12.2005, bls. 13.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 257, 30.9.2009, bls. 10.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 317, 3.12.2010, bls. 12.

⁽⁶⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2010 8(10), 1865.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. mars 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						þyppingartjöldi (CFU)/ kg heilfóðurs með 12% rakainnihaldi			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: þarmaflórastöðgarar.									
4d1712	Lallemand SAS	<i>Pediococcus acidilactici</i> CNCM MA 18/5M	Samsetning aukefnis Blanda með <i>Pediococcus acidilactici</i> CNCM MA 18/5M sem inniheldur að lágmarki 1×10^{10} CFU/g aukefnis <i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i> Lífvænlegar frumur <i>Pediococcus acidilactici</i> CNCM MA 18/5M <i>Greiningaraðferðir (1)</i> Ákvörðun á heildarfjölda örvera með yfirborðsræktun á MRS-agar (EN 15786:2009) Sanngreining: með rafdrætti á geli í pulssviði (PFGE)	Varpænur	—	1×10^9	—	1. Í notkunartíðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og kögglafestu. 2. Vardandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn, glæraugu og hlífðarhanska.	24. mars 2021

(1) Upplýsingar um greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi síðu tilvismunarrannsóknarstofu Bandalagsins: www.irmm.jrc.be/crl-feed-additives

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 221/2011

2012/EES/32/20

frá 4. mars 2011

um leyfi fyrir 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* DSM 14223, sem fôðuraukefni fyrir laxfiska (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi er DSM Nutritional Products Sp. Z o.o) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í föðri⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í föður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir ensímblöndu með 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* DSM 14223). Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Umsóknin varðar leyfi fyrir 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 14223), í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ sem fôðuraukefni fyrir laxfiska.
- 4) Notkun ensímblöndunnar var einnig leyfð til bráðabirgða fyrir laxfiska með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 521/2005⁽²⁾.
- 5) Lögð voru fram ný gögn til stuðnings umsókn um leyfi fyrir 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* DSM 14223, fyrir laxfiska. Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd

„Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu frá 10. nóvember 2010⁽³⁾ að 6-fýtasi (EC 3.1.3.26), sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* DSM 14223, hafi, við tillögð notkunarskilyrði, ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og að notkun blöndunnar geti bætt nýtingu fosfórs. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina aukefnið í föðri sem tilvísunarrannsóknarstofa Evrópusambandsins fyrir fôðuraukefni, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

- 6) Mat á 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* DSM 14223, sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 7) Til glöggvunar skal fella færsluna um 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* DSM 14223, brott úr reglugerð (EB) nr. 521/2005.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem fôðuraukefni með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Í reglugerð (EB) nr. 521/2005 falli 2. gr. og II. viðauki brott.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 60, 5.3.2011, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 84, 2.4.2005, bls. 3.

⁽³⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2010 8(12), 1915.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. mars 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

forseti.

José Manuel BARROSO

VIBAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnafornúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Ónnum ákvæði	Leyfi rennur út
						Virkniefningar/kg heilföðurs með 12% rakaminnihaldi	Hámarksinnihald		
Flokkur dýræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbatandi efni									
4a1641(i)	DSM Nutritional Products Ltd., fulltrúi er DSM Nutritional Products Sp. Z o.o	6-fýtasi (EC 3.1.3.26)	<p><i>Samsetning aukefnis</i> Blanda 6-fýtasa, sem er framleiddur með <i>Aspergillus oryzae</i> DSM 14223, með virkni að lágmarki: vökvaforn: 20 000 FYT (1)/g</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i> 6-fýtasi, sem er framleiddur með <i>Aspergillus oryzae</i> DSM 14223</p> <p><i>Greiningaraðferð</i> (2)</p> <p>Litnæling sem byggist á efnahvarfi vanadómólýbdats við ólífrænt fosfat sem fæst með verkun 6-fýtasa, sem er framleiddur með <i>Aspergillus oryzae</i> DSM 14223, á hvarfni sem í er fýtat (natríumfýtat) við pH -gildið 5,5 og 37 °C, magnað út frá staðalfærlí fyrir ólífrænt fosfat.</p>	Laxfiskar	—	750 FYT	—	<p>1. Í notkunarleikiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og kögglafestu.</p> <p>2. Til nota í fôður sem inniheldur yfir 0,23% fýtinbundinn fosfór.</p> <p>3. Várðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn, gleraugu og hlífðarhanska.</p>	25. mars 2021

(1) 1 FYT er það magn ensims sem leysir eitt mikrómol ólífræns fosfats á minútu úr natríumfýtati við hvarfskilyrði með fýtatastyrk, sem er 5,0 mM við pH-gildið 5,5 og hitastigið 37 °C, við verkun í 30 mínútur.

(2) Upplýsingar um greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir fôðuraufni: www.imm.jrc.be/crl-feed-additives

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 335/2011

2012/EES/32/21

frá 7. apríl 2011

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1091/2009 að því er varðar lágmarksinnihald ensímblöndu af endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (MUCL 49755), og endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (MUCL 49754), sem fóduraukefnis í föðri fyrir eldiskjúklinga (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í föðri ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Notkun endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (MUCL 49755), og endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (MUCL 49754), var leyfð til tíu ára fyrir eldiskjúklinga með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1091/2009 frá 13. nóvember 2009 um að leyfa ensímblöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (MUCL 49755), og endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (MUCL 49754), sem fóduraukefni fyrir eldiskjúklinga (leyfishafi er Aveve NV) ⁽²⁾.
- 2) Leyfishafinn lagði fram umsókn um breytingu á skilmálum leyfisins fyrir fóduraukefnið þegar það er notað fyrir eldiskjúklinga, sem felur í sér að minnka ráðlagðan lágmarksskammt af endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (MUCL 49755), og endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (MUCL 49754), úr 4000 XU ⁽³⁾/kg og 900 BGU⁽⁴⁾/kg í 2000 XU/kg and 450 BGU/kg. Umsókninni fylgdu viðeigandi gögn til stuðnings beiðninni um breytinguna.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. apríl 2011.

- 3) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 10. nóvember 2010 að gögn úr þremur prófunum á eldiskjúklingum styðji ekki að ráðlagður lágmarksskammtur sé minnkaður úr 4000 XU og 900 BGU/kg fódurs í 2000 XU og 450 BGU/kg fódurs þar eð greining á föðrinu leiddi í ljós að farið var töluvert yfir fyrirhugaðan skammt. Hins vegar sýndu gögnin fram á að blandan er skilvirk í minni skammti en nú er leyfður. Samkvæmt Matvælaöryggisstofnuninni benda gögnin til þess að u.þ.b. 3000 XU og 600 BGU/kg fódurs geti mögulega aukið vaxtarhraða og bætt hlutfallið milli þyngdaraukningar og fódurmagns hjá eldiskjúklingum ⁽⁵⁾.
- 4) Skilyrðin, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt.
- 5) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1091/2009 til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við reglugerð (EB) nr. 1091/2009 komi viðaukinn við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 94, 8.4.2011, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, (biður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 299, 14.11.2009, bls. 6.

⁽³⁾ 1 XU er það magn ensíms sem leysir 1 mikrómol afoxandi sykra (xylósajafngildi) á mínútu úr xylani úr hafrahismi við pH 5,0 og 50 °C.

⁽⁴⁾ 1 BGU er það magn ensíms sem leysir 1 mikrómol afoxandi sykra (sellóbíósajafngildi) á mínútu úr betaglúkani úr byggi við pH 4,8 og 50 °C.

⁽⁵⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2010 8(12), 1919.

VÍÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishata	Aukefni	Samsetning, efnahúlfur, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virkenningar/kg heilföðurs með 12% rakainnihaldi			
Flokkur dýrarræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarþetandi efni									
4a9	Aveve NV	Endó-1,4- betaxýlanasi EC 3.2.1.8 Endó-1,3(4)- betaglúkánasi EC 3.2.1.6	<p><i>Samsetning aukefnis</i></p> <p>Blanda af endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með <i>Trichoderma reesei</i> (MUCL 49755), og endó-1,3(4)-betaglúkánasa, sem er framleiddur með <i>Trichoderma reesei</i> (MUCL 49754) með virkni að lágmarki 40 000 XU /g og 9 000 BGU/g</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i></p> <p>endó-1,4-betaxýlanasi, sem er framleiddur með <i>Trichoderma reesei</i> (MUCL 49755), og endó-1,3(4)-betaglúkánasi, sem er framleiddur með <i>Trichoderma reesei</i> (MUCL 49754)</p> <p><i>Greiningaraðferð (1)</i></p> <p>Lýsing á eiginleikum virka efnisins í aukefninu:</p> <ul style="list-style-type: none"> litmæling sem byggist á efnahvarfi dinitrósýlsýru á afoxandi sykru sem næst fram með verkun endó-1,4-betaxýlanasa á hvarfefni sem í er xýlan, litmæling sem byggist á efnahvarfi dinitrósýlsýru á afoxandi sykru sem næst fram með verkun endó-1,3(4)-betaglúkánasa á hvarfefni sem í er betaglúkan, <p>Lýsing á eiginleikum virku efnanna í föðrinu:</p> <ul style="list-style-type: none"> litmæling sem mælir vatnsleysanlegan leysilit sem endó-1,4-betaxýlanasi leysir úr hvarfefni hveitis, arabinoxýlani, sem er vixiltengt leysilittum, 	Eldis- kjúklingar	—	3 000 XU 675 BGU		<p>1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og kögglafestu.</p> <p>2. Til nota í föður auðugt af fjölsýkrum öðrum en sterkju (einkum betaglúkónum og arabinoxýlönnum), t.d. föður sem inniheldur yfir 30% af hveti, byggi, rúg og/öðru rúghveti.</p> <p>3. Vardandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn, gleraugu og hlífðarhansa.</p>	4. desember 2019

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efniformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Ónmur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virkniningar/kg heilföðurs með 12% rakainnihaldi			
			– litmæling sem mælir vatnsleysanlegan leysilit sem endó-1,3(4)-betaglúkánasi leysir úr hvarfefni byggs, betaglúkani, sem er víxltengt leysiltinum.						

(¹) Upplýsingar um greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins: www.irmm.jrc.be/crl-feed-additives

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 336/2011

2012/EES/32/22

frá 7. apríl 2011

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1292/2008 að því er varðar notkun á fôðuraukefninu *Bacillus amyloliquefaciens* CECT 5940 í fôður sem inniheldur díklasúríl, mónensínnatríum og níkarbasín (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fôðri⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fôður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um að breyta megi leyfinu fyrir fôðuraukefni á grundvelli beiðni frá leyfishafanum og álits frá Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin).
- 3) Notkun örverublöndu með *Bacillus amyloliquefaciens* CECT 5940 var leyfð til 10 ára fyrir eldiskjúklinga með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1292/2008 frá 18. desember 2008 um leyfi fyrir *Bacillus amyloliquefaciens* CECT 5940 (Ecobiol og Ecobiol plus) sem fôðuraukefni⁽²⁾.
- 4) Leyfishafinn lagði fram umsókn um breytingu á leyfinu fyrir aukefninu til að heimila notkun þess í fôður fyrir eldiskjúklinga sem

inniheldur hnislalyfin mónensínnatríum, díklasúríl, níkarbasín, róbenidínhydróklóríð, natríumsalínómýsín, lasalósíðnatríum, narasín/níkarbasín, madúramísín-ammóníum, dekókinat eða natríumsemdúramýsín.

- 5) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 9. nóvember 2010 að aukefnið *Bacillus amyloliquefaciens* CECT 5940 sé samrýmanlegt við díklasúríl, mónensínnatríum og níkarbasín⁽³⁾.
- 6) Skilyrðin, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt.
- 7) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1292/2008 til samræmis við það.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við reglugerð (EB) nr. 1292/2008 komi viðaukinn við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. apríl 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 94, 8.4.2011, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 340, 19.12.2008, bls. 36.

⁽³⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2010 8(12), 1918.

VIÐAUKI

Í stað viðaukans við reglugerð (EB) nr. 1292/2008 komi eftirfarandi:

„VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnafórmúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						þyppingafjöldi (CFU)/ kg heilfóðurs með 12% rakainnihaldi			
Flokkur dýræktaraukefna. Virkur hópur: þarmaflórusefndógarar									
4b1822	Norel SA	<i>Bacillus amylolique- faciens</i> CECT 5940	Samsetning aukefnis Blanda <i>Bacillus amyloliquefaciens</i> CECT 5940 sem inniheldur að lágmarki 1×10^9 CFU/g aukefnis <i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i> Gró <i>Bacillus amyloliquefaciens</i> CECT 5940 <i>Greiningaraðferðir</i> (1)	Eldis- kjúklingar	—	1×10^9	—	1. Í notkunarleibbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhluta, geymslupól og kögglafestu. 2. Má nota í fæðublöndur sem innihalda hin leyfðu hmislaýf: diklasúríl, mónensinnatríum eða níkarbasín. 3. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn, gleraugu og hlífðarhanska.	8.1.2019

(1) Upplýsingar um greiningaraðferðir eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins: www.imm.jrc.be/crl-feed-additives

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 337/2011

2012/EES/32/23

frá 7. apríl 2011

um leyfi fyrir ensímböndu af endó-1,4-betaxýlanasa og endó-1,3(4)-betaglúkanasa sem fóðurukefni fyrir alifugla, fráfærugrísí og eldissvín (leyfishafi er Danisco Animal Nutrition) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndunni sem tilgreind er í viðaukanum við þessa reglugerð. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndunni sem kemur fram í viðaukanum, í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ sem aukefni í fóðri fyrir alifugla, fráfærugrísí og eldissvín.
- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 10. nóvember 2010 ⁽²⁾ að við tillögð notkunarskilyrði hafi blandan sem tilgreind er í

viðaukanum ekki ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða heilbrigði neytenda eða á umhverfið og að aukefnið geti mögulega bætt dýraræktarþætti hjá marktægundunum.

- 5) Mat á blöndunni sem tilgreind er í viðaukanum sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem fóðurukefni með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. apríl 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 94, 8.4.2011, bls. 19. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

⁽²⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2010 8(12), 1916.

VIBAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnarmúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önmur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieniingar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihaldi			
Flokkur dýrarakætaraukefna. Virkur hópur: meltingarþetandi efni									
4a15	Danisco Animal Nutrition	Endó-1,4- betaxýlanasi EC 3.2.1.8 Endó-1,3(4)- betaglúkanasi EC 3.2.1.6	<p><i>Samsetning aukefnis</i></p> <p>Blanda (fast og fljótandi form) með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiðdur með <i>Trichoderma reesei</i> (ATCC PTA 5588), og endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem er framleiðdur með <i>Trichoderma reesei</i> (ATCC SD 2106), með virkni að lágmarki, annars vegar og hins vegar, 12 200 U⁽¹⁾/g and 1 520 U⁽²⁾/g</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i></p> <p>Endó-1,4-beta-xýlanasi, sem er framleiðdur með <i>Trichoderma reesei</i> (ATCC PTA 5588), og endó-1,3(4)-betaglúkanasi, sem er framleiðdur með <i>Trichoderma reesei</i> (ATCC SD 2106)</p> <p><i>Greiningaraðferðir</i> ⁽³⁾</p> <p>Lýsing á eiginleikum virku efnanna í aukefninu, forblöndum og fódri:</p> <ul style="list-style-type: none"> — litmæling sem mælir vatnsleysanlegan leysilit sem endó-1,4-β-xýlanasi leysir úr hvarfefni hveitis, arabinoxýlani, sem er víxltengt leysilitnum, — litmæling sem mælir vatnsleysanlegan leysilit sem endó-1,3(4)-β-glúkanasi leysir úr hvarfefni byggs, β-glúkani, sem er víxltengt leysilitnum. 	Eldiskalkúnar og kalkúnar sem eru aldir til undaneldis Varpænar Aðrir alifuglar Fráfærugrisir Eldissvín	—	endó-1,4-beta-xýlanasi 1 220 U endó-1,3(4)-beta-glúkanasi 152 U endó-1,4-beta-xýlanasi 610 U endó-1,3(4)-beta-glúkanasi 76 U	—	<ol style="list-style-type: none"> 1. Í notkunarleifbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymslupól og kögglafestu. 2. Til nota í fódur, auðugt af fjölskykrum öðrum en sterkju (einkum beta-glúkónum og arabinoxýlönnum), t.d. það fódur sem inniheldur yfir 30% af hveiti, byggi, rúg og/öða rúghveiti. 3. Vardandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn, gleraugu og hlífðarhanska. 4. Fyrir fráferugrisi allt að 35 kg. 	28. apríl 2021

(1) 1 U er það magn ensims sem leysir 0,48 mikrómol af oxandi sykra (xýlosajafngildi) á minútu úr xýlani úr arabinoxýlani úr hveiti við pH 4,2 og 50 °C.

(2) 1 U er það magn ensims sem leysir 2,4 mikrómol af oxandi sykra (glúkósajafngildi) á minútu úr glúkani úr byggi við pH 5,0 og 50 °C.

(3) Upplýsingar um greiningaraðferðir eru fáanlegar á eftirfarandi síðu tilvissuarránsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir fóðuraukefni: www.imm.jrc.be/crl-feed-additives

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 361/2011**

2012/EES/32/24

frá 13. apríl 2011

um leyfi fyrir *Enterococcus faecium* NCIMB 10415 sem fôðuraukefni fyrir eldiskjúklinga (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi er DSM Nutritional products Sp. z o.o) og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 943/2005 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fôðri⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fôður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE⁽²⁾.
- 2) Í samræmi við tilskipun 70/524/EBE var blanda með *Enterococcus faecium* NCIMB 10415 leyfð án tímamarka sem fôðuraukefni fyrir kálfa, allt að sex mánaða gamla, með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1288/2004⁽³⁾, fyrir eldiskjúklinga og eldissvín með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 943/2005⁽⁴⁾, fyrir gyltur með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1200/2005⁽⁵⁾, fyrir smágrísi með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 252/2006⁽⁶⁾ og fyrir ketti og hunda með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 102/2009⁽⁷⁾. Aukefnið var síðan fært inn í skrá Bandalagsins yfir fôðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við b-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á *Enterococcus faecium* NCIMB 10415 sem fôðuraukefni fyrir eldiskjúklinga

og óskað eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „dýraræktaraukefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 22. júní 2010⁽⁸⁾ að við tillögð notkunarskilyrði hafi *Enterococcus faecium* NCIMB 10415 ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, heilbrigði neytenda eða á umhverfið og að aukefnið geti mögulega aukið endanlega líkamspýngd hjá eldiskjúklingum. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina aukefnið í fôðri sem tilvísunarrannsóknarstofa Evrópusambandsins fyrir fôðuraukefni, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.
- 5) Mat á *Enterococcus faecium* NCIMB 10415 sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í I. viðauka við þessa reglugerð.
- 6) Af veitingu nýs leyfis samkvæmt þessari reglugerð leiðir að fella skal færsluna um *Enterococcus faecium* NCIMB 10415 fyrir eldiskjúklinga brott úr reglugerð (EB) nr. 943/2005.
- 7) Þar eð breytingarnar á skilyrðunum fyrir leyfinu tengjast ekki öryggisástæðum er viðeigandi að heimila umbreytingartímabil til að ráðstafa fyrirliggjandi birgðum af forblöndum og fôðurböndum.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 100, 14.4.2011, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

(2) Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.

(3) Stjtið. ESB L 243, 15.7.2004, bls. 10.

(4) Stjtið. ESB L 159, 22.6.2005, bls. 6.

(5) Stjtið. ESB L 195, 27.7.2005, bls. 6.

(6) Stjtið. ESB L 44, 15.2.2006, bls. 3.

(7) Stjtið. ESB L 34, 4.2.2009, bls. 8.

(8) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2010 8(7), 1661.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „þarmaflórustöðgarar“ og er tilgreind í I. viðauka, er leyfð sem fôðurukefni með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Í stað I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 943/2005 komi II. viðauki við þessa reglugerð.

3. gr.

Forblöndur og fôðurblöndur, sem innihalda *Enterococcus faecium* NCIMB 10415 og eru merktar í samræmi við tilskipun 70/524/EBE, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppnar.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. apríl 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

forseti.

José Manuel BARROSO

I. VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efniformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						þyngingafjöldi (CFU)/ kg heilföðurs með 12% rakainnihaldi			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: þarmaflórufóðgarar									
4b1705	DSM Nutritional Products Ltd., fulltrúi er DSM Nutritional Products Sp. Z o.o	<i>Enterococcus faecium</i> NCIMB 10415	<i>Samsætning aukefnis</i> Blanda með <i>Enterococcus faecium</i> NCIMB 10415 sem innheldur að lágmarki: hjúpað form (með skellakki): 2 × 10 ¹⁰ CFU/g aukefnis. Annað örthylkjað form: 1 × 10 ¹⁰ CFU/g aukefnis <i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i> <i>Enterococcus faecium</i> NCIMB 10415 <i>Greiningaraðferð</i> (1)	Eldis- kjúklingar		3 × 10 ⁸	—	1. Í notkunarleibeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og kögglafestu. 2. Má nota í fôður sem inniheldur hin leyfðu hníslalyf: dekokínat, mónensinnatrium, róbenídmíhýdroklóríð, díklasúríl eða semúramýsín.	4. maí 2021

(1) Upplýsingar um greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir fôðurukefni: www.irmm.jrc.be/eurl-feed-additives

II. VIÐAUKI

Í stað I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 943/2005 komi eftirfarandi:

„I. VIÐAUKI

EB-númer	Aukefni	Efniformúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Ónnur ákvæði	Leyfi rennur út
					Þyppingafjöldi CFU/kg heilfóðurs			
Örverur								
E 1705	<i>Enterococcus faecium</i> NCIMB 10415	Blanda með <i>Enterococcus faecium</i> sem inniheldur að lágmarki: Örhyllkjæð form: $1,0 \times 10^{10}$ CFU/g aukefnis. Kornað form: $3,5 \times 10^{10}$ CFU/g aukefnis	Eldissvín	—	$0,35 \times 10^9$	$1,0 \times 10^9$	Í notkunarlaiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhlita, geymsluþöl og kögglafestu.	Án tímamarka ⁴

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 373/2011**

2012/EES/32/25

frá 15. apríl 2011

**um leyfi fyrir blöndu með *Clostridium butyricum* FERM-BP 2789 sem fôðuraukefni fyrir aukafugla-
tegundir, að undanskildum varpfluglum, fráfærugrísí og aukategundir svína (eftir fráfærur) og um
breytingu á reglugerð (EB) nr. 903/2009 (leyfishafi er Miyarisan Pharmaceutical Co. Ltd, fulltrúi
er Miyarisan Pharmaceutical Europe S.L.U.) (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusam-
bandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB)
nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fôðri ⁽¹⁾,
einkum 2. mgr. 9. gr. og 3. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fôður, um forsendur og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu og um að breyta megi leyfinu fyrir fôðuraukefni á grundvelli beiðni frá leyfishafanum og álitis frá Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin).
- 2) Blanda með *Clostridium butyricum* MIYAIRI 588 (FERM-P 1467) var leyfð sem fôðuraukefni til 10 ára fyrir eldiskjúklinga með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 903/2009 ⁽²⁾.
- 3) Umsækjandinn óskaði eftir að breyta tilgreiningu stofnsins úr *Clostridium butyricum* MIYAIRI 588 (FERM-P 1467) í *Clostridium butyricum* FERM-BP 2789 og heiti fulltrúa leyfishafans úr Mitsui & Co. Deutschland GmbH í Miyarisan Pharmaceutical Europe S.L.U. og, í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eftir nýrri notkun á þessu aukefni fyrir aukafuglategundir (að undanskildum varphænum), fráfærugrísí og aukategundir svína eftir fráfærur og fór fram á að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „dýraræktaraukefni“.
- 4) Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 ásamt viðeigandi gögnum til stuðnings beiðninni.

- 5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu frá 8. desember 2010 ⁽³⁾ að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með *Clostridium butyricum* FERM-BP 2789 ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og að aukefnið geti mögulega bætt þyngdaraukningu og aukið skilvirkni í fæðuummyndun hjá marktegundunum. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að fyrri tilgreiningin á stofninum hentaði ekki til tvímælalausrar auðkenningar á framleiðslustofninum og af þeim sökum styður hún ósk umsækjandans um að breyta tilgreiningunni í *Clostridium butyricum* FERM-BP 2789. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að sýnt hafi verið fram á samrýmanleika við tvö hnislalyf til viðbótar. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértekum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferð til að greina aukefnið í fôðri sem tilvísunarrannsóknarstofa Evrópusambandsins fyrir fôðuraukefni, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

- 6) Fyrirhuguð breyting á skilmálum leyfanna, að því er varðar heiti fulltrúa leyfishafans, er eingöngu stjórnábylgis eðlis og felur ekki í sér nýtt mat á viðkomandi aukefnum. Matvælaöryggisstofnun Evrópu var upplýst um umsóknina.
- 7) Mat á blöndunni sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 8) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 903/2009 til samræmis við það.
- 9) Þar eð breytingarnar á skilyrðunum fyrir leyfinu tengjast ekki öryggisástandum er viðeigandi að heimila umbreytingartímabil til að ráðstafa fyrirleggjandi birgðum af forblöndum og fôðurböndum.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 102, 16.4.2011, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 256, 29.9.2009, bls. 26.

⁽³⁾ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2011 9(1), 1951.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „þarmaflórustöðgarar“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem fôðurukefni með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Í reglugerð (EB) nr. 903/2009 koma orðin „*Clostridium butyricum* FERM-BP 2789“ og orðin „Miyarisan Pharmaceutical Europe S.L.U“ í stað orðanna „*Clostridium butyricum* MIYAIRI 588 (FERM-P 1467)“ og orðanna „Mitsui & Co. Deutschland GmbH“, í þeirri röð.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. apríl 2011.

Í 2. tölulið dálksins „Önnur ákvæði“ í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 903/2009 bætast við orðin „natríummónensín eða lasalósíð“.

3. gr.

Fóður sem inniheldur *Clostridium butyricum* MIYAIRI 588 (FERM-P 1467) og er merkt í samræmi við reglugerð (EB) nr. 903/2009 má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppnar.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dyra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyngingaföldi (CFU)/ kg heilföðurs með 12% rakainnihaldi			
4b1830	Miyarisan Pharmaceutical Co. Ltd, fulltrúi er Miyarisan Pharmaceutical Europe S.L.U.	<i>Clostridium butyricum</i> FERM BP-2789	Samsetning aukefnis Blanda með <i>Clostridium butyricum</i> FERM- BP 2789 sem inniheldur að lágmarki í föstu formi 5×10^8 CFU/g aukefnis. <i>Lýsing á eiginleikum vit-ka efnisins</i> <i>Clostridium butyricum</i> FERM BP-2789. <i>Greiningaraðferð</i> (1) Magnákvörðun: áhellingaraðferð byggð á staðlinum ISO 15213. Sanngreining: með raifrætti á geli í púlssviði (PFGE-aðferð).	Aukafugla- tegundir (að undanskildum varpfluglum). Fráferugrisir og aukategundir svína (eftir fráferur)	—	5 × 10 ⁸ CFU 2,5 × 10 ⁸ CFU	—	1. Í notkunarléiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og kögglafestu. 2. Heimilt að nota í föður sem inniheldur hin leyfðu hnislaýf: natríummónensín, díklasúríl, maðúramísínammóníum, róbenidín, narásín, narásín/ nikarbasín, semdúramísín, dekokínat, natríumsalínómýsín eða lasalósíónatríum. 3. Varðandi öryggi: við með- höndlun skal nota öndunarvörn.	6. maí 2021

Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: þarmaflórusetöggarar

(1) Upplýsingar um greiningaraðferðir eru fáanlegar á eftirfarandi síð og tilvísunarrámsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir föðuruaukefni: www.irmm.jrc.be/crl-feed-additives

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 388/2011**

2012/EES/32/26

frá 19. apríl 2011

**um leyfi fyrir α -madúramísínammóníum sem fôðuraukefni fyrir eldiskjúklinga (leyfishafi er
Alpha Pharma (Belgium) BVBA) og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2430/1999 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fôðri ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fôður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ⁽²⁾.
- 2) Í samræmi við tilskipun 70/524/EBE var α -madúramísínammóníum, CAS nr. 84878-61-5, leyft til 10 ára sem fôðuraukefni til notkunar fyrir eldiskjúklinga með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2430/1999 ⁽³⁾ og til notkunar fyrir kalkúna með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2380/2001 ⁽⁴⁾. Aukefnið var síðan fært inn í skrá Bandalagsins yfir fôðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á α -madúramísínammóníum sem fôðuraukefni fyrir eldiskjúklinga og óskað eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „hníslalyf og vefsvipungalyf“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 9. desember 2010 að við tillögð notkunarskilyrði hafi α -madúramísínammóníum ekki

skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og að aukefnið sé áhrifaríkt til að verjast hníslasótt í eldiskjúklingum ⁽⁵⁾. Matvælaöryggisstofnunin mælir með viðeigandi ráðstöfunum er varða öryggi notenda. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina aukefnið í fôðri sem tilvísunarrannsóknarstofa Evrópusambandsins fyrir fôðuraukefni, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

- 5) Mat á α -madúramísínammóníum sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 6) Af veitingu nýs leyfis samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1831/2003 leiðir að fella skal ákvæðin um α -madúramísínammóníum brott úr reglugerð (EB) nr. 2430/1999.
- 7) Þar eð breytingarnar á skilyrðunum fyrir leyfinu tengjast ekki öryggisástandum er viðeigandi að heimila umbreytingartímabil til að ráðstafa fyrirbyggjandi birgðum af forblöndum og fôðurböndum.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „hníslalyf og vefsvipungalyf“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fôðri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2430/1999 fellur færslan við skráningarnúmerið fyrir aukefnið E 770, sem varðar α -madúramísínammóníum, brott.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 104, 20.4.2011, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, (biður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 296, 17.11.1999, bls. 3.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 321, 6.12.2001, bls. 18.

⁽⁵⁾ Tiðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2011 9(1), 1952.

3. gr.

Forblöndur og fõðurblöndur, sem innihalda α -madúramísínammóníum og eru merktar í samræmi við tilskipun 70/524/EBE, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppnar.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. apríl 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Kennitalmi aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni (viðskiptaheiti)	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út	Hámarksgeildi leifa í viðkomandi matvællum úr dýrankinu
						mg af virku efni/kg heilföðurs með 12% rakainnihaldi				
Hnislatýf og vefsvipungalyf										
5 1 770	Alpharma (Belgía) BVBA	α -madúr- amísín- ammóníum 10 g/kg (Cygro 10 G)	<p><i>Samsetning aukefnis</i> α-madúramísínammóníum: 10 g/kg Natriumkarboxy- metýlsellulósi: 20 g/kg Kalísíumúlfatídhýdrat: 970 g/ kg</p> <p><i>Virk efni</i> α-madúramísínammóníum $C_{17}H_{23}O_{17}N$ CAS-númer: 84878-61-5 (2R, 3S, 4S, 5R, 6S)-6-[(1R)-1- [(2S,5R,7S,8R,9S)-2- [(2S,2R,3'S,5R,5' R)-3'-[(2,6-dídeoxý-3,4-dí- O-metýl-β-L-arabínóhexópýra nósý)oxý]-oktahýdró-2- metýl-5'-[(2S,3S,5R,6S)- tetrahýdró-6-hýdroxý-3,5,6- trímetyl-2H-pýran- 2-yl]]2,2'-bífúran]-5-yl]-9- hýdroxý-2,8-dímety- 1,6díoxaspiro[[4,5]dec-7- yl]etýl]tetrahýdró- 2-hýdroxý-4,5- dímetoxý-3- metýl-3H-pýran-2-edlík sýra, mónóammóníum salt framleitt í gerjunarferli með stofninum <i>Actinomadura</i> <i>yumaensis</i> NRRL 12515: \geq 90 %.</p>	Eldis- kjúklíngar	—	5	6	<ol style="list-style-type: none"> 1. Aukefnið skal notað í föðurböndur í formi forblöndu. 2. Ekki má blanda α-madúramísínammóníum við önnur hnislatýf. 3. Í notunarléiðbeiningum komi fram: „Hættulegt dýrum af hestaætt“. „Þetta föður inniheldur jónabera: óráðlegt er að nota það samtímis tilteknum lyfjum (t.d. tíamúlími)“. 4. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn, gleraugu og hlífðarhanska. 5. Leyfishafinn skal skipuleggja og framkvæma vöktunaráætlun varðandi þol gegn <i>Esimeria</i> spp. að lokinni setningu á markað. 6. Notkun er bönnuð í a.m.k. þrjú daga fyrir slátrun 	10. maí 2021	150 μ g af madúramísín- ammóníum/kg af nýrri lífir, húð og fitu, 100 μ g af madúramísín- ammóníum/kg af nýjum nýrum, 30 μ g af madúramísín- ammóníum/kg af nýjum vöðvum,

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni (viðskiptahetti)	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Hámarks- innihald		Önnur ákvæði	Leyfi rennur út	Hámarksgræði leifa í viðkomandi matvællum úr dýranikinu
						Lágmarks- innihald	mg af virku efni/kg heilföðurs með 12% rakainnihaldi			
			<p>Skyld óhreinindi: β-madúramísín- ammóníum: ≤ 1 % <i>Greiningaraðferð</i> ⁽¹⁾ Til að ákvarða α-madúramísínammóníum í aukefninu, forblöndum og fæði: háþrýstivöskviljun með óskautuðum stöðufasa og afleiðumyndun eftir súlu með vamlíni og greiningu við 520nm- EN 15781:2009. Til að ákvarða leifar af α-madúramísínammóníumi í lifur og vöðvum: háþrýstivöskviljun með óskautuðum stöðufasa tengd raðmassagreiningu (<i>e. tandem mass spectrometry</i>).</p>							

(1) Upplýsingar um greiningaraðferðir eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvissuarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir fæðuraufni: www.irmm.jrc.be/eurl-feed-additives

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 389/2011**

2012/EES/32/27

frá 19. apríl 2011

um leyfi fyrir ensímböndu af endó-1,4-betaxýlanasa, súbtílisíni og α -amýlasa sem fôðuraukefni fyrir varphænur (leyfishafi er Danisco Animal Nutrition) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fôðri ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fôður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir ensímböndu af endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* ATCC PTA 5588, súbtílisíni, sem er framleitt með *Bacillus subtilis* ATCC 2107, og α -amýlasa, sem er framleiddur með *Bacillus amyloliquefaciens* ATCC 3978. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Umsóknin varðar leyfi fyrir ensímböndu af endó-1,4-betaxýlanasa, súbtílisíni og α -amýlasa, í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, sem fôðuraukefni fyrir varphænur.
- 4) Notkun á böndu af endó-1,4-betaxýlanasa, súbtílisíni og α -amýlasa var leyfð til 10 ára fyrir eldiskjúklinga, endur og eldiskalkúna með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1087/2009 ⁽²⁾.

- 5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu frá 7. desember 2010 ⁽³⁾ að ensímböndu af endó-1,4-betaxýlanasa, súbtílisíni og α -amýlasa hafi, við tillögð notkunarskilyrði, ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og að aukefnið geti bætt eggjaframleiðslu hjá varphænum. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina aukefnið í fôðri sem tilvísunarrannsóknarstofa Evrópusambandsins fyrir fôðuraukefni, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

- 6) Mat á ensímböndu af endó-1,4-betaxýlanasa, súbtílisíni og α -amýlasa sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar böndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem fôðuraukefni með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 104, 20.4.2011, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 297, 13.11.2009, bls. 4.

⁽³⁾ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2011) 9(1),1949.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. apríl 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafía	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Ömur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virkeiningar/kg heilföðurs með 12% rakamnihaldi			
4a10	Danisco Animal Nutrition	Endó-1,4- betaxýlanasi EC 3.2.1.8 Subtilisin EC 3.4.21.62 α -amýlasi EC 3.2.1.1	<p>Samsetning aukefnis</p> <p>Blanda af endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með <i>Trichoderma reesei</i> (ATCC PTA 5588), α-amýlasi, sem er framleiddur með <i>Bacillus amyloliquefaciens</i> (ATCC 3978) og subtilisni, sem er framleitt með <i>Bacillus subtilis</i> (ATCC 2107), í föstu formi með virkni að lágmarki:</p> <ul style="list-style-type: none"> – endó-1,4-betaxýlanasi: 1 500 U⁽¹⁾/g, – subtilisin: 20 000 U⁽²⁾/g, – α-amýlasi: 2 000 U⁽³⁾/g. <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i></p> <p>Endó-1,4-betaxýlanasi, sem er framleiddur með <i>Trichoderma reesei</i> (ATCC PTA 5588), α-amýlasi, sem er framleiddur með <i>Bacillus amyloliquefaciens</i> (ATCC 3978), og subtilisin, sem er framleitt með <i>Bacillus subtilis</i> (ATCC 2107).</p> <p><i>Greiningaraðferðir</i> ⁽⁴⁾</p> <p>Ákvörðun á virka efninu í aukefninu, forblöndum og föðri.</p> <p>Endó-1,4-betaxýlanasi: litmæling byggð á magnákvörðun á vatnsleysanlegum, lituðum brotum sem koma fram við verkun endó-1,4-betaxýlanasa á asúrín-víxlengd hveitarabinoxýlanefni sem eru fánleg á almennum markaði.</p> <p>α-amýlasi: litmæling byggð á magnákvörðun á vatnsleysanlegum, lituðum brotum sem koma fram við verkun α-amýlasi á asúrín-víxlengd sterkjufrólliðnefni sem eru fánleg á almennum markaði.</p> <p>Subtilisin: litmæling byggð á magnákvörðun á vatnsleysanlegum, lituðum brotum (asúrín) sem koma fram við verkun subtilisins á víxlengd kaseínefni sem eru fánleg á almennum markaði.</p>	Várphætur	—	endó-1,4- betaxýl- anasi: 300 U subtilisin 4000 U α -amýlasi 400 U	<p>1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og kögglafestu.</p> <p>2. Til nota í föðurblöndur, auðugar af sterkju og öðrum fjölsykrum en sterkju (einkum arabinoxýlönur og betaglúkónur), t.d. þær sem innihalda yfir 40% mais.</p> <p>3. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn, gleraugu og hlífðarhanska.</p>	10. maí 2021	

Flokkur dýrarárkaukna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni

(1) 1 U er magn þess ensíms sem leysir 0,5 mikrómol afoxandi sykra (gefið upp sem xýlósafringildi) á mínútu úr víxlengdu xýlanharfnefni úr hafrahismi við pH 5,3 og 50 °C.

(2) 1 U er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómol fenólsambands (ýrósinjafngilda) á mínútu úr kaseinharfnefni við pH 7,5 og 40 °C.

(3) 1 U er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómol glúkósiðengía á mínútu úr vatnsleysanlegu, víxlengdu sterkjufrólliðuharfevni við pH 6,5 og 37 °C.

(4) Upplýsingar um greiningaraðferðir eru fánlegar á eftirfarandi síðu tilvissuarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir föðuraukefni: www.irmm.jrc.be/eurl-feed-additives

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 406/2011**

2012/EES/32/28

frá 27. apríl 2011

**um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2380/2001 að því er varðar samsetningu fôðuraufnisins
 α -madúramísínammóníums (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fôðri⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um að breyta megi leyfinu fyrir fôðuraufni á grundvelli beiðni frá leyfishafanum og álits frá Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin).
- 2) Notkun á α -madúramísínammóníum í flokknum hnislalyf og önnur lyf var leyfð til 10 ára, í samræmi við tilskipun ráðsins 70/524/EBE⁽²⁾, sem fôðuraufni fyrir eldiskjúklinga með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2430/1999⁽³⁾ og fyrir kalkúna með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2380/2001⁽⁴⁾.
- 3) Leyfishafinn lagði fram umsókn um breytingu á leyfinu að því er varðar samsetningu á burðarefni fôðuraufnisins. Leyfishafinn lagði fram viðeigandi gögn til stuðnings beiðninni.
- 4) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 8. desember 2010⁽⁵⁾ að ekki sé búist við að notkun á þessari nýju samsetningu á aukefninu fyrir

kalkúna skapi viðbótarhættu fyrir heilbrigði dýra eða manna eða umhverfið og að það sé áhrifaríkt til að verjast hníslasótt.

- 5) Skilyrðin, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt.
- 6) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 2380/2001 til samræmis við það.
- 7) Þar eð breytingarnar á skilyrðunum fyrir leyfinu tengjast ekki öryggisástæðum er viðeigandi að heimila umbreytingartímabil til að ráðstafa fyrirbyggjandi birgðum af forblöndum og fôðurböndum.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við reglugerð (EB) nr. 2380/2001 komi viðaukinn við þessa reglugerð.

2. gr.

Forblöndur og fôðurböndur, sem innihalda α -madúramísínammóníum og eru framleiddar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2380/2001, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppunar.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. apríl 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 108, 28.4.2011, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, (bíður birtingar).

(¹) Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

(²) Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.

(³) Stjtið. EB L 296, 17.11.1999, bls. 3.

(⁴) Stjtið. EB L 321, 6.12.2001, bls. 18.

(⁵) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(1), 1954.

VIBAUKI
„VIBAUKI“

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni (Viðskiptahetti)	Samsetning, efniformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Hámarksinnihald		Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Lágmarksinnihald mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihaldi	Hámarksinnihald		
Hnislauf og önnur lyf									
E 770	Alpharma Belgium BVBA	α -madúramísín- ammóníum α 1 g/100 g (Cygro 1%)	Samsetning aukefnis α -madúramísínammóníum: 1 g/100 g Natríumkarboxýmetylselluósi 2 g/100 g Kalsíumsulfaatdíhýdrat: 97 g/100 g Virkt efni α -madúramísínammóníum $C_{47}H_{83}O_{17}N$ CAS-númer: 84878-61-5, ammóníumsalt fjölethersmónókarboxýlsýru sem framleidd er í gerjunarferli með stofninum <i>Actinonadurea</i> <i>yumaensis</i> (ATCC 31585) (NRRL 12515) Skyld óhreinindi: β -madúramísínammóníum: < 10%	Kalkúnar	16 vikna	5	5	1. Notkun bönnuð í a.m.k. fimm daga fyrir slátrun. 2. Í notkunarleiðbeiningum komi fram: „Hættulegt dýrum af hestaætt“. „Þetta fôður inniheldur jónabera: óráðlegt er að nota það samtímis túlknum lyfjum (t.d. tíamúlíni)“.	15.12.2011“

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 495/2011**

2012/EES/32/29

frá 20. maí 2011

**um breytingu á reglugerð (EB) nr. 109/2007 að því er varðar samsetningu fôðuraufnisins
mónensínnatríums (*)**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fôðri⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 13. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um að breyta megi leyfinu fyrir fôðuraufni á grundvelli beiðni frá leyfishafanum og álits frá Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin).
- 2) Notkun á mónensínnatríumi í flokknum hníslalyf og vefsvipungalyf var leyfð til 10 ára sem fôðuraufni fyrir eldiskjúklinga og kalkúna með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 109/2007⁽²⁾.
- 3) Leyfishafinn lagði fram umsókn um breytingu á leyfinu fyrir mónensínnatríumi að því er varðar viðbótarsamsetningu á fôðuraufninu. Lögð voru fram viðeigandi gögn til stuðnings umsókninni.

- 4) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 1. febrúar 2011⁽³⁾ að notkun þessarar nýju samsetningar á aukefninu fyrir eldiskjúklinga og kalkúna skapi enga viðbótarhættu fyrir heilbrigði dýra eða manna eða umhverfið og að það sé áhrifaríkt til að verjast hníslasótt. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina aukefnið í fôðri sem tilvísunarrannsóknarstofan fyrir fôðuraufni, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.
- 5) Skilyrðin, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt.
- 6) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 109/2007 til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við reglugerð (EB) nr. 109/2007 komi viðaukinn við þessa reglugerð.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. maí 2011.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,**forseti*

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 134, 21.5.2011, bls. 6. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 31, 6.2.2007, bls. 6.

⁽³⁾ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2011 9(2), 2009.

VIBAUKI
„VIBAUKI“

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni (Viðskipta- heiti)	Samsetning, efnafórmúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út	Bráðabirgðahámarks- gildi leifa fyrir viðkomandi matvæli úr dýraríkinu
						mg af virku efni/kg heilföðurs með 12% rakamnihaldi				
Hnislalyf og vefsvipungalyf										
51701	Huvepharma NV Belgíu	Mónensin- natríum (Coxidin)	<p><i>Samsetning aukefnis</i></p> <p>Mónensinnatríum, af tæknilegum gæðum með virkni sem svarar til 25 % af virkni mónensins</p> <p>Perlitt: 15–20%</p> <p>Hveitikið 55–60%</p> <p><i>Virkt efni</i></p> <p>$C_{36}H_{61}O_{11}Na$</p> <p>Natríumsalt fjóletermonókarboxýlsýru sem framleidd er með <i>Streptomyces</i> <i>cinnamomensis</i> 28682, LMG S-19095 í duffformi</p> <p>Samsetning:</p> <p>Mónensín A: ekki minna en 90%</p> <p>Mónensín A + B: ekki minna en 95%</p> <p>Mónensín C: 0,20 – 0,3%</p> <p><i>Greiningaraðferð</i> (1)</p> <p>Aðferð til að ákvarða virka efnið: háþrýstivöskviljum (HPLC) með aflæðumyndun eftir súlu og greiningu þar sem notast er við útfjólublátt ljós ($\lambda = 520$ nm)</p>	Eldis- kjúklingar	—	100	125	1. Notkun bönnuð í a.m.k. einn dag fyrir slátrun.	6.2.2017	25 µg mónensinnatríum/ kg af ferskri húð + fitu
				Kalkúnar	16 vikna	60	100	2. Aukefnið skal notað sem forblanda í fôðurböndur.		
								3. Leyfilegur hámarks-skammtur mónensinnatríums í fôðurbæti: – 625 mg/kg fyrir eldiskjúklinga, – 500 mg/kg fyrir kalkúna.		8 µg mónensinnatríum/ kg af ferskri lífir, nýrum og vöðvum
								4. Ekki má blanda mónensinnatríumi við önnur hnislalyf.		
